

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAÆFTIRLITSINS

um aðra breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 17. mars 2009,
um ráðstöfun skuldbindinga

Straums – Burðaráss fjárfestingabanka hf., kt. 701086-1399, til Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, o.fl.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun skuldbindinga Straums - Burðaráss fjárfestingabanka hf:

FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars. 2009 var tekið fram að ákvörðunin byggði á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reyndist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar brygðust verulega eða Fjármálaeftirlitið teldi að önnur skipan mála væri nauðsynleg gæti Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðuninni, þ.m.t. felld hana úr gildi í heild eða að hluta, eða frestað einstökum þáttum hennar. Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 19. mars 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun að því marki sem hún snéri að framkvæmd yfirfærslu innlána og útgáfu skulda- og tryggingaskjala. Ekki hafði reynst mögulegt að ljúka útgáfu skulda- og tryggingarskjala á þeim tíma sem gert var ráð fyrir í fyrri ákvörðun vegna tæknilegra vandkvæða. Um væri að ræða flókið verkefni sem væri tímafrekara en ætlað var. Mikilvægt væri að vel tækist til og að eðlilegt samráð væri haft við hlutaðeigandi aðila. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka yfirfærslu innlána og útgáfu skulda- og tryggingarskjala. Þar sem enn eru tæknileg vandkvæði til staðar telur Fjármálaeftirlitið nú þörf á frekari framlengingu. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á 5. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars 2009, sbr. ákvörðun eftirlitsins þann 19. mars 2009.


ÁKVÖRÐUN:


Yfirfærsla innlána samkvæmt ofangreindu og útgáfa skulda- og tryggingarskjala skal fara fram eigi síðar en kl. 12.00 mánudaginn 6. apríl 2009.

Önnur ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

3. apríl 2009


Ragnar Hafliðason
Forstjóri


Arnar Þór Sæþórsson
lögfræðingur